



Alþýðusamband Íslands

Hagur

Greinagerð hagdeildar ASÍ
FJÁRMÁL HINS OPINBERA

Aukaársfundur ASÍ
25. mars 2009

Staða ríkissjóðs versnaði gríðarlega við hrun bankanna. Fjárlög voru afgreidd með 153 milljarða króna halla og skuldir ríkisins aukast mikið. Vaxtagreiðslur ríkissjóðs hafa hækkað að sama skapi og eru áætlaðar 86 milljarðar í fjárlögum.

Samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins mun skuldastaða ríkisins versna mikið á árinu. Skuldir ríkissjóðs voru tæpir 700 milljarðar í árslok 2008 og eignir svipuð upphæð ef eignarhlutur ríkissjóð í fyrirtækjum er ekki talin með. Ráðuneytið áætla, ef horft er framhjá lánnum vegna Icesave og Edge reikninga, að skuldirnar aukist í tæpa 1.100 milljarða fyrir árslok. Séu áætlanir um þær skuldir og eignir sem tengjast þessum reikningum taldar með fara skuldirnar í tæpa 1.700 milljarða en eignirnar aukast í tæpa 1.300 milljarða.

Staða sveitarfélaga er einnig alvarleg. Ætla má að samanlagður rekstarhalli þeirra í ár sé nálægt 10 milljörðum og skuldir um 140 milljarðar. Til viðbótar skuldunum eru skuldbindingar upp á um 90 – 100 milljarða.

Nauðsynlegt er að draga úr hallarekstri hins opinbera á næstu árum svo skuldirnar haldi ekki áfram að hlaðast upp og vaxtagreiðslur verði ófyrstíganlegar. Í sameiginlegri áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er gert ráð fyrir að hallanum verði náð niður á næstu fjórum árum frá 2010 til 2013. Ekki hefur enn verið útfært hvernig þessu marki verið náð, en ljóst að það verður ekki gert nema að það komi við rekstur bæði ríkis og sveitarfélaga.

Áætlunin gerir ráð fyrir að gripið verði til aðgerða bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaga. Þannig að afkoman batni um 40 milljarða árið 2010 og um annað eins árið 2011. Áformað er að ná enn meiri árangri á árunum 2012 og 2013 en þá verði hagvöxtur jafnframt farinn að taka við sér og tekjur að aukast á ný. Miðað er við að jöfnuður verði á rekstri hins opinbera á árinu 2013.

Til að átta sig á umfangi þessa aðhalds, þá svarar þetta því að útgjöld ríkisins dragist saman um 10% á ári 2010 og 2011. Þjóðin stendur því frami fyrir miklum vanda og óumflýjanlegt er að hagræða og skera niður í útgjöldum bæði ríkis og sveitarfélaga. Óhjákvæmilegt er að sveitarfélögin komi á jafnvægi í sínum rekstri en stærsta hluta vandans þarf að leysa á útgjaldahlið fjárlaga og með hækkun skatta og annarra gjalda.

Þetta kallar á nýjar áherslur og breytta forgagnsröðun á öllum sviðum þjóðfélagsins þar sem draga verður úr þjónustu á mörgum sviðum. Til að tryggja að markmið um jöfnuð hjá hinu opinbera ná fram að ganga er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga:

- Ná þarf sem víðtækastri sátt um nauðsynlegar aðgerðir með því að virkja starfsfólk og þá sem njóta þjónustunnar við ákvarðanir.
- Í ljósi þess að verkefnið er gríðarstórt er mikilvægt að menn séu óhræddir við að gera róttækar breytingar á skipulagi stofnana og verkefna. Skoða þarf rekstur ríkissjóðs frá grunni og leita allra leiða til að ná fram hagræðingu í rekstri ríkisins.
- Hyggja þarf að varanlegri hagræðingu í rekstri. Margar stofnanir eru smáar og veikburða og því er hægt að ná umtalsverðri hagræðingu með endurskipulagningu og sameiningu stofnana.
- Gæta þarf ráðdeildar á öllum sviðum. Nauðsynlegt er að stjórnendur ríkisins gangi á undan með góðu fordæmi. Alþingi, ríkisstjórn og forseti Íslands sýni aðhald í rekstri sem og aðalskrifstofur ráðuneyta.
- Skoða þarf stóra útgjaldaliði og athuga hvar má lækka útgjöld án þess að það skerði atvinnu. Einnig þarf að fara í gegnum alla safnliði þar sem veitt er ýmsum smærri upphæðum til mismunandi verkefna. Hafa þarf í huga að margt smátt gerir eitt stórt.

Standa þarf vörð um ákveðin gildi þegar forgagnsröðunin er ákveðin:

- Ekki má draga um of úr útgjöldum til verkefna sem efla hagvöxt til framtíðar s.s. til menntunar og rannsókna, þ.m.t. framlög til rannsóknasjóða og frumkvöðlastarfsemi.
- Tryggja verður undirstöður velferðarsamfélagsins þannig að þeir sem standa höllum fæti njóti áfram viðunandi kjara og þjónustu.
- Leggja verður áherslu á að þeir tekjuhærri beri stærri hluta byrðanna þannig að þeim tekjulægri verði hlífð við skattahækkunum.
- Stór hluti útgjalda ríkissjóðs á næstu árum verða vaxtagjöld. Það skiptir því sköpum fyrir afkomu ríkisins að fá hagstæð lánaðkjör. Til þess að tryggja sem best lánskjör þurfum við að öðlast trúverðugleika og traust. Slíkt traust öðlumst við best með því að taka á efnahagsvandana af ábyrgð og sýna festu í rekstri ríkisins og fylgja efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.